

259. fundur

Miðvikudaginn 8. janúar 2014, kom verðlagsnefnd bívára saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Elín Björg Jónsdóttir, Pálmi Vilhjálmsson, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Björn Snæbjörnsson og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

- 1. Fundargerð 258. fundar og dagskrá.**
Fundargerð 258. fundar og dagskrá lögð fram – Samþykkt án athugasemda.
- 2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús desember 2013.**
Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús frá 1. desember sl., ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Einari Hafliða Einarssyni, endurskoðanda. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í september sl. um kr. 25.390 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.268.680. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 0,25% frá 1. september 2013 og er heildarkostnaður nú alls kr. 34.933.552 en var kr. 34.846.052 í september 2013. Umræður voru um tekjuhlið grundvallarins og ákveðið að Ólafur og Sigurður færu yfir útreikninga tekjuhliðar. Afgreiðslu grundvallarins var því frestað til næsta fundar.
- 3. Beiðni Örnú ehf um ákvörðun á verði óunninnar hrámjólkur til vinnslu.**
Tekið var fyrir erindi Örnú ehf, dags. 13. desember sl. um að verð á óunninni mjólk til fyrirtækisins sem keypt er af Mjólkursamsölunni í lausu máli. Ákveðið var að óska eftir því við Einar Hafliða Einarsson lögg. endurskoðanda hjá Deliotte að taka að sér að greina þau gögn sem liggja til grundvallar verðlagsákvörðunar og koma með tillögu til nefndarinnar.
- 4. Fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins um kostnaðarsundurliðun á mjólk í lausu máli.**
Formaður gerði grein fyrir nýlegri fyrirspurn til nefndarinnar um skilgreiningu og sundurliðun á þeim kostnaðarliðum sem standa á bak við útreikning verðlagsnefndar á mjólk í lausu máli, auk þess að óska eftir útskýringu á vinnslustigi mjólkur í lausu máli og til hvernig hún er ætluð til sölu og í hvaða tilgangi. Þessu erindi var svarað í bréfi til Samkeppniseftirlitsins 10. desember sl.
- 5. Greiðslumark mjólkur 2014 og umframmjólk.**
Formaður gerði grein fyrir greiðslumarki mjólkur fyrir árið 2014, samkvæmt reglugerð nr. 1037/2013 um greiðslumark mjólkur á lögbylum og greiðslur til bænda verðlagsárið 2014 og (1.) br. á sömu reglugerð nr. 1187/2013. Var greiðslumark mjólkur aukið um 9 millj. ltr. frá fyrra ári eða í 125 millj. ltr. Þetta er gert til að koma til móts við mikla eftirspurn á markaðnum aðallega á feitum og próteinríkum mjólkurvörum síðari hluta ársins. Óskað hefur verið eftir því við Framkvæmdanefnd búvörusamninga að bændur fá fullt verð fyrir umframmjólk er þeir framleiða.
- 6. Staða mjólkurframleiðslunnar og innflutningur á smjöri.**
Farið var yfir stöðu mjólkurframleiðslunnar og innflutning MS á smjöri frá Írlandi. Miklar umræður sköpuðust um málið.
- 7. Önnur mál.**
Lagt var fram bréf Samtaka afurðastöðvar í mjólkuriðnaði dags. 31. desember 2013, um breytingu á viðmiðun verðþátta mjólkur í verðlagasgrundvelli kúabús á viðmiðun efnisþátta úr 25/75 í 50/50 fita/prótein. Samþykkt.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.